



Akraneskaupstaður

Bæjarstjórn - 1314

FUNDARBOÐ

1314. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti 16-18,
26. maí 2020 og hefst kl. 17:00

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 2001229 - Skýrsla bæjarstjóra 2020

Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri fer yfir helstu atriði í störfum sínum frá 25. mars síðastliðnum.

2. 2003227 - Launaviðaukar - fjárhagsáætlun 2020

Bæjarráð samþykkti viðauka nr. 13 við fjárhagsáætlun ársins 2020 á fundi sínum þann 14. maí sl. og vísar honum til bæjarstjórnar til endanlegrar samþykktar. Viðaukinn felur í sér ráðstöfun að fjárhæð kr. 56.596.000 vegna samþykktar kjarasamnings Sameykis og Sambands íslenskra sveitarfélaga f.h. Akraneskaupstaðar og Höfða hjúkrunar- og dvalarheimilis og er mætt með tilfærslum af deildunum Óviss útgjöld innan hvers málaflokks fyrir sig en nánari sundurliðun ráðstafanna er að finna í meðfylgjandi fylgiskjali. Viðaukinn felur í sér tilfærslu á milli liða í áætluninni og hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu ársins.

3. 1811020 - Breiðasvæði - Bárugata 19 viðbygging grenndarkynning

Grenndarkynnt var skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, frá 26. mars til og með 23. apríl 2020. Grenndarkynnt var fyrir fasteignaeigendum við Vesturgötu 14, Bárugötu 17 og 21. Engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að grenndarkynning sem gerð var skv. 43. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 123/2010 verði samþykkt og send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku send í B-deild Stjórnartíðninda.

4. 2003175 - Jörundarholt 224 - umsókn til skipulagsfulltrúa

Grenndarkynnt var byggingarleyfi vegna viðbyggingar við húsið á Jörundarholti 224. Grenndarkynnt var skv. 44. gr. skipulagslaga fyrir eigendum að Garðavelli 1, Jörundarholti 222 og 226. Engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að heimila stækkun íbúðarhússins, í samræmi við meðfylgjandi teikningar.

5. 2004042 - Deiliskipulag Skógarhverfi 2. áf. - Baugalundur 4

Deiliskipulagsbreytingin sem felur í sér að færa bindandi byggingarlínu fjær götu eða um 1.3 m og færa bílastæði. Breytingin var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, fyrir lóðarhöfum við Baugalund 2, 6 og Blómalund 1 og 3. Engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt, send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Fundargerðir til kynningar

6. 2001002 - Fundargerðir 2020 - Bæjarráð

3417. fundargerð bæjarráðs frá 11. maí 2020.

3418. fundargerð bæjarráðs frá 14. maí 2020.

7. 2001004 - Fundargerðir 2020 - Skóla- og frístundaráð

130. fundargerð Skóla- og frístundaráð frá 7. maí 2020.

131. fundargerð Skóla- og frístundaráð frá 19. maí 2020.

8. 2001005 - Fundargerðir 2020 - Skipulags- og umhverfisráð

154. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 11. maí 2020.

155. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 15. maí 2020.

156. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 22 maí 2020.

9. 2001003 - Fundargerðir 2020 - Velferðar- og mannréttindaráð

127. fundargerð velferðar- og mannréttindaráðs frá 20. maí 2020.

10. 2001007 - Fundargerðir 2020 - Höfði hjúkrunar- og dvalarheimili

107. fundargerð stjórnar Höfða frá 7. mars 2020.

108. fundargerð stjórnar Höfða frá 7. apríl 2020.

109. fundargerð stjórnar Höfða frá 20. apríl 2020

11. 2002057 - Fundargerðir 2020 og tilkynningar - Samband íslenskra sveitarfélaga

883. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 8. maí 2020.

884. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 20. maí 2020.

12. 2001014 - Fundargerðir 2020 - Faxflóahafna

193. fundargerð stjórnar Faxflóahafna frá 15. maí 2020.

Sævar Freyr Práinsson, bæjarstjóri.